



318. Stjórnarfundur haldinn 25. september 2008 kl:17:05

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

EH las úr fundargerð ÍT frá 32. fundi 3. september 2008.

Tölvupóstur frá Íþróttasambandi Lögreglumanna v/ styrk að upphæð 30.000 kr. **Hafnað.**

3. Send bréf.

Engin.

4. Ritun sögu félagsins.

Eðvarð T. Jónsson mætti á fund og fór yfir þá þætti sem hann var komin með. Eðvarð mun kynna aðalstjórn fyrri hluta sögunnar fyrir jól. EH þakkaði Eðvarði fyrir komuna.

5. Jólblað félagsins.

EH skýrði frá því að nú færi undirbúningur að jólblaði félagsins að fara af stað og bað stjórnarmenn að skoða við hvern opnuviðtalið ætti að vera.

6. Önnur mál.

EH sagði frá því að formannafundur auk formanna unglingsráða ÍRB yrði haldinn í ÍAK 26. október 2008. kl. 16:30.

PMK mynnti á sameiginlegan fund milli félagsins og bæjaryfirvalda vegna framlags RNB til íþróttamála. Gott væri að upplýsa deildir um stöðu mála. **Framkvæmdastjóra falið að koma þessum fundi á.**

EH sagði frá því að félagið yrði þátttakandi í Heilsuviku RNB sem er 6. – 12. okt. 2008.

Næsti stjórnarfundur 9. okt. kl 17:05 2008.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30
Fundinn ritaði SG

